

Alþingi
Erindi nr. P 138/1508
komudagur 7.4.2010

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 331 – 287. mál. Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna (HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 10. mars 2010.

Lykilorðin í þingsályktunartillögunni eru efnahagsáætlun, velferð og félagslegur stöðugleiki, án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Fjármálaráðherra láti vinna og móta efnahagsáætlun sem tryggir þetta, ásamt aðgerðaáætlun sem fylgt sé eftir. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til að forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs og með liðsinni færustu sérfræðinga tryggður nauðsynlegur trúverðugleiki efnahagsstjórnar landsins. Með áætluninni og nauðsynlegum aðgerðum skuli tryggt að þetta náist á okkar eigin forsendum, án aðstoðar AGS, íslenska hagkerfið geti verið óháð aðstoð hans. Einnig tilgreindar tímasetningar.

HH lýsa stuðningi við þessa þingsályktunartillögu.

Nauðsynlegt er að stórar og mikilvægar ákvarðanir séu teknar á grundvelli allra upplýsinga sem máli skipta, ákvörðunargrundvöllurinn sé eins traustur og mögulegt er. Umræðu- og hvað þá ákvörðunargrundvöllur er á engan hátt nægilega skýr í dag. Því er gagnlegt að greina stöðu og móta áætlun B, að lágmarki til að stjórnvöld og aðrir hafi skýra valkosti í stöðunni. Þegar niðurstaða liggur fyrir um kosti og galla leiðar B ætti að endurmeta hvorri leið skuli fylgt, leið AGS eða eigin áætlun B.

Heimilin hafa ekki frekar en ríkið tækifæri til stefnumótunar og vandaðrar ákvörðunartöku um sína framtíð, eins og staða mála er nú. Þar hamlar endalaus óvissa og óskýr framtíðarsýn.

Eftir að Þjóðhagsstofnun (1974-2002) hvarf af sjónarsviðinu er spurning hvaða vettvangur er fyrir svona vinnu almennt í þjóðfélaginu í dag, hver hefur svona hlutverk almennt? Því er væntanlega full þörf fyrir að fá liðsinni erlendis frá og leiða jafnframt saman færustu sérfræðinga landsins, bæði til samstarfs og þekkingaryfirfærslu.

Það er mjög jákvætt ef hægt er að forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs. Mikið ónotað innlent fjármagn virðist vera til staðar í landinu, í bönkum, Seðlabanka og lífeyrissjóðum sem veitir svigrúm til uppbyggingar. Til að minnka þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé þarf að hraða rannsókn efnahagsbrotamála tengdu hruninu og auka á heimildir til að sækja bætur til ábyrga aðila, svo lækka megi álögur á einstaklinga og fyrirtæki sem fyrst.

Varðandi AGS má að öðru leyti spyrja: – Hvers vegna hefur aðeins sumum fyrirmælum / tilmælum AGS verið fylgt en öðrum ekki? Hvers vegna voru til dæmis stýrivextir hækkaðir í 18% eftir innkomu AGS en hins vegar ekki hlustað á AGS varðandi þörf fyrir almenna leiðréttingu skulda heimilanna, sem AGS hefur lýst yfir að heilmikið svigrúm sé til að gera.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið